



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð

19. fundur Atvinnu- og Menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í félagsheimilinu að Borg þann 23. apríl 2024 klukkan 17:00

Fundinn sátu:

Anna Katarzyna Wozniczka, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Pétur Thomsen, fulltrúi sveitarstjórnar

Anna María Daníelsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Pétur Thomsen

Dagskrá:

1. 17. Júní 2024

- I. AM er búin að tala við Væb um að skemmta. Mun ganga frá því endanlega. Þeir verða á sviðinu klukkan 14:00. Væb tekur 200.000 fyrir um 20 mínútur.
- II. AM athugar með hoppukastala. Vegna framkvæmda þarf að athuga hvort við höfum tón fyrir hoppukastalann eða hvort einhver þeirra megi vera á plani.
- III. PT athugar með þær sem voru verðir við hoppukastalann og sáu um andlitsmálningu. Einnig að minna þær á að senda reikning fyrir síðasta 17. júní.
- IV. Verið er að skoða með hátíðarræðumann. Hugsanlega einhver sem er áttæður, eða frá Grindavík. Aðili frá Sveitasetrinu Brú?
- V. AKW er í sambandi við kvenfélagið varðandi fjallkonuna.
- VI. AKW talar við lðu varðandi aðkomu starfsmanna út af hátíðarhöldunum og hvort það eigi að bjóða upp á lýðveldisafmælsköku.
- VII. Blaklið UMF Hvatar sér um að grilla pylsur og fær ágóðann af því.
- VIII. AM athugar með að fá stórt tjald frá Tintron til að hafa kökuna og grillið í. Til vara ef veður verður óhagstætt.
- IX. Skrúðgangan verður hefðbundin, gengið frá Olís og hringinn.
- X. **Muna eftir stafi fyrir fjallkonuna.**
- XI. Hækka þarf verðið á pylsunum, stungið upp á 300 krónum.
- XII. AM athugar með poppvél hjá Rent a Party
- XIII. AKW athugar með svið/sendibíl fyrir skemmtiatriðið.



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Drög að dagskrá 17. Júní

13:00 Skróðganga
Innidagskrá
Ræða formanns og kynning á dagskrá
Hátíðarræða
Verðlaunaafhending
Fjallkonan

Útidagskrá

VÆB
Hátíðarkaka
Pylsur og leiktæki

2. Borg í sveit / Grímsævintýri

Formaður fór á fund með fulltrúa kvenfélagsins varðandi samstarfið. Verið er að athuga nýja dagsetningu. Hugsanlega verður þetta fært seinna í ágúst eða byrjun september. Hugsanlega 31. ágúst.

3. Aðrir viðburðir á árinu

Athuga með að vera með sundlaugarpartý að hausti.

4. Önnur mál

- I. Vinna er í gangi í uppsveitunum varðandi móttökuáætlun nýbúa. Velferðarþjónusta Árneshöfna hefur breytt síðunni sinni og bætt við þýðingum á erlend tungumál. Ein af tillögnum er að vera með fjölmeningarráð í öllum sveitarfélögum. Einnig verður fræðsla fyrir starfsfólk sveitarfélags varðandi inngildingu.
- II. Umræða um bókasöfn og hvernig við viljum þróa bókasafnið okkar í samhengi við það sem er að gerast víða samanber Finnland og Reykjavík. Ákveðið að fá Rögnu starfsmann bókasafnsins á fund. Þyrfti að gera þarfagreiningu og athuga áhuga í sveitarfélaginu hvert fara ætti með safnið.

Næsti fundur verður haldinn 8. maí klukkan 17:00

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 18:55